

**Samtök**  
**um sögutengda ferðaþjónustu**  
**Ársreikningur 2011**

Samtök um sögutengda ferðaþjónustu  
660606-2460  
Erluhrauni 4  
220 Hafnarfirði

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar .....	2	Efnahagsreikningur .....	5
Áritun höfundar .....	3	Yfirlit um sjóðstreymi .....	7
Rekstrarreikningur .....	4	Skýringar .....	8

# Skýrsla og áritun stjórnar

---

Samtök um sögutengda ferðaþjónustu eru samtök félaga, stofnana, opinberra aðila og fyrirtækja, sem koma að sögutengdri ferðaþjónustu á Íslandi og er markmið þeirra að efla sögutengda ferðaþjónustu á Íslandi og að vera samráðsvettvangur þeirra sem starfa á þeim vettvangi samkvæmt 2. grein laga samtakanna.

Starfsemi samtakanna gekk að mestu eftir áætlun árið 2011. Bæklingar fyrir ferðamenn með ríflega 30 áfangastöðum voru gefnir út á fjórum tungumálum (ísl/ens/nor/þýs) og hannaðir upp á nýtt þannig að það eru tvö tungumál í hvorum fyrir sig. Þeim var dreift skipulega vítt og breitt um landið yfir allt árið og á ferðasýningum erlendis. Leiknar útvarpsauglýsingar hljómuðu á útvarpsstöðvum yfir sumarið til að lokka ferðamenn í sögulegar heimsóknir. Þá var heimasíða samtakanna betrubætt, [www.soguslodir.is](http://www.soguslodir.is), og er hún komin á íslensku, ensku, þýsku og norsku. Samtökin stóðu fyrir málþingi og sýningu fyrir ferðamenn í Norræna húsinu í apríllök undir heitinu Söguslóðir um leið og þau héldu aðalfund sinn. Þátttaka var með ágætum þó að vorhret setti strik í reikninginn.

Samtökin hafa unnið áfram í sínu innra starfi. Snemma árs var haldinn félagsfundur á Suðurlandi og í haust var haldinn félagsfundur á Vestfjörðum. Á þeim fundum var unnið í stefnumótun og fleiru. Á árinu var lokið við gerð gæðaviðmiða fyrir félaga og góð samvinna höfð við Ferðamálastofu um það samhliða vinnu þar á bæ í Vakanum. Er ætlunin að gæðaviðmið SSF verði komið í virkni á næsta ári hjá félagsmönnum sem fjölgaði heldur á árinu og eru að nálgast 80, allt frá stærstu söfnum landsins og niður í einstaklinga.

Samstarfssamningur var undirritaður við iðnaðarráðuneytið í ársbyrjun um fjárstuðning og 25% hlutastarfsmann hjá Ferðamálastofu. Ýmsum verkefnum var komið áleiðis gegnum þann samning. Erlendir blaðamenn hafa verið á ferðinni á vegum SSF og er verið að skipulega stærra átak í slíku fyrir næsta ár. Þá er horft eftir sóknartækifærum í landshlutunum á þessu sviði sem leggja má rækt við.

Samtökin voru þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um víkingaslóðir og í ár var send inn að nýju til menningaráætlunar ESB umsókn um stórt Evrópuverkefni með Norðmönnum, Svíum, Hjaltlendingum og fleirum. Má geta þess að British Museum er m.a. aðili að þeirri umsókn.

Enginn starfsmaður starfaði hjá samtökunum á árinu en Pétur Jónsson vann að ákveðnum verkefnum í verktöku sem lutu að kynningarefni og heimasíðu auk þess sem Sigrún Hlín hjá Ferðamálastofu sinnti verkefnum. Önnur störf voru fyrst og fremst unnin í sjálfboðavinnu og aðkeyptri verktöku.

Halli varð af rekstri samtakanna um 1,4 millj. kr. á árinu samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi í árslok nam 1,4 millj. kr.

Stjórn samtakanna er kosin á lögmætum aðalfundi samtakanna sbr. 7 grein laga Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu.

Stjórn Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu staðfestir hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík ..... 2012

Í stjórn:

# Áritun höfundar

---

Til stjórnar og aðila að Samtökum um sögutengda ferðaþjónustu

Við höfum samið ársreikning Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu fyrir árið 2011 en hann hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1-4 auk sundurliðana.

Ársreikningurinn er unninn í umboði stjórnar samtakanna, sem ber ábyrgð á efni hans. Hann er byggður á bókhaldi og gögnum samtakanna ásamt öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga. Höfum við sannreynt stöðu á bankareikningum, kannað réttmæti viðskiptakrafna og skulda og unnið framsetningu ársreikningsins í heild.

Við höfum leitast við að haga framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju, og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Egilsstöðum, 30. apríl 2012

**SKRA - Skrifstofuþjónusta Austurlands**

---

Sigurjón Bjarnason

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Samtaka um sögutengda ferðaþjónustu, höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2011. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík ..... 2012

  

---

  

---

# Rekstrarreikningur ársins 2011

	Skýr.	2011	2010	2009
<b>Rekstrartekjur:</b>				
Framlag ríkissjóðs.....		3.700.000	2.000.000	2.000.000
Styrkur Leonardo vegna fræðsluferða.....		0	0	3.531.742
Framlög félaga vegna kynningar.....		3.100.000	3.050.000	2.900.000
Framlag Ferðamálastofu vegna markaðsátaks.....		0	0	5.000.000
Árgjöld.....		625.000	600.000	570.000
Auglýsingastyrkir.....		160.000	250.000	160.000
Aðrar tekjur.....		697.380	220.970	1.758.030
		<u>8.282.380</u>	<u>6.120.970</u>	<u>15.919.772</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>				
Leonardo fræðsluferð.....		0	0	3.435.742
Kynningarmál .....		5.776.305	4.129.020	5.558.716
Markaðsátak (blaðamannaferðir) .....		0	0	4.510.864
Heimasíða .....		743.625	457.634	730.089
Ferðakaupstefnur .....		55.000	292.542	659.934
Söguslóðir, málþing .....		410.994	101.700	419.785
Annar rekstrarkostnaður .....		2.677.543	776.217	1.632.663
		<u>9.663.467</u>	<u>5.757.113</u>	<u>16.947.793</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) fyrir fjármagnsliði: .....		( 1.381.087 )	363.857	( 1.028.021 )
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>				
Vaxtatekjur .....		20.753	2.706	92.323
Gengismunur inneigna.....		( 170 )	( 186.350 )	0
Vaxtagjöld.....		( 26.708 )	( 45.229 )	( 23.183 )
		<u>( 6.125 )</u>	<u>( 228.873 )</u>	<u>69.140</u>
<b>Hagnaður (tap) ársins .....</b>	4	<u>( 1.387.212 )</u>	<u>134.984</u>	<u>( 958.881 )</u>



# 31. desember 2011

---

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2011	2010
<b>Eigið fé:</b>			
Óráðstafað eigið fé .....		<u>1.370.291</u>	<u>2.757.503</u>
Eigið fé samtals	4	<u>1.370.291</u>	<u>2.757.503</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Viðskiptaskuldir.....		<u>229.506</u>	<u>389.427</u>
		<u>229.506</u>	<u>389.427</u>
Skuldir samtals		<u>229.506</u>	<u>389.427</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>1.599.797</u></u>	<u><u>3.146.930</u></u>

## Yfirlit um sjóðstreymi árið 2011

---

	Skýr.	2011	2010
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
(Tap) hagnaður ársins samkvæmt rekstrarreikningi .....	4	( 1.387.212 )	134.984
Veltufé (til) frá rekstri		<u>( 1.387.212 )</u>	<u>134.984</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun.....		1.168.750	1.713.607
Skammtímaskuldir, lækkun .....		<u>( 159.921 )</u>	<u>( 1.001.983 )</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>1.008.829</u>	<u>711.624</u>
Handbært fé (til) frá rekstri		<u>( 378.383 )</u>	<u>846.608</u>
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....</b>		<b>( 378.383 )</b>	<b>846.608</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>1.160.380</u>	<u>313.772</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>3</b>	<u><u>781.997</u></u>	<u><u>1.160.380</u></u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Beitt var kostnaðarverðsaðferð við gerð ársreikningsins.

### Viðskiptakröfur

2. Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Niðurfærsla er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

### Handbært fé

3. Bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis

## Eigið fé

4. Yfirlit um eiginfjárreikning:	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2011.....	2.757.503	2.757.503
Tap ársins .....	( 1.387.212 )	( 1.387.212 )
Eigið fé 31.12.2011.....	1.370.291	1.370.291

## Sundurliðanir

	2011	2010	2009
<b>Árgjöld:</b>			
Árgjöld félaga, fyrirtækja og stofnana, full aðild .....	560.000	550.000	510.000
Árgjöld einstaklinga, aukaaðild .....	65.000	50.000	60.000
	<u>625.000</u>	<u>600.000</u>	<u>570.000</u>
<b>Aðrar tekjur:</b>			
Ráðstefnu- og fundagjöld .....	232.380	129.000	155.000
Sala á fánum SSF .....	0	40.000	0
Hlutdeild félaga í útvarpsauglýsingum .....	465.000	775.000	830.000
Styrkur vegna Söguslóða .....	0	0	50.000
Styrkur NATA vegna Vest-norræns samstarfs .....	0	(723.030)	723.030
	<u>697.380</u>	<u>220.970</u>	<u>1.758.030</u>
<b>Leonardo fræðsluferð:</b>			
Framlög vegna umsýslu .....	0	0	350.000
Framlög til þátttakenda vegna flugferða .....	0	0	760.570
Ferðakostnaður .....	0	0	221.187
Gisting .....	0	0	1.957.965
Fæði og aðgangseyrir .....	0	0	146.020
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>3.435.742</u>

**Sundurliðanir, frh.:**

	2011	2010	2009
<b>Kynningarmál:</b>			
Hönnun, umbrot og umsjón .....	2.133.167	483.198	784.351
Prentun kynningarefnis .....	1.505.749	1.045.669	2.129.003
Birting auglýsinga .....	1.499.177	2.036.702	2.052.836
Dreifingarkostnaður .....	610.602	473.735	347.083
Textavinna og þýðingar .....	27.610	4.125	158.799
Prentun fána .....	0	85.591	86.644
	<u>5.776.305</u>	<u>4.129.020</u>	<u>5.558.716</u>
<b>Markaðsátak (blaðamannaferðir):</b>			
Gisting og veitingar .....	0	0	1.533.957
Akstur og leiðsögn .....	0	0	1.031.268
Flugfargjöld .....	0	0	446.854
Umsjón og ýmis annar kostnaður .....	0	0	1.498.785
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>4.510.864</u>
<b>Heimasíða, www.soguslodir.is</b>			
Umsjón .....	657.959	413.950	671.879
Hýsing, lén .....	85.666	43.684	58.210
	<u>743.625</u>	<u>457.634</u>	<u>730.089</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður</b>			
Umsjón með verkefnum .....	885.500	363.750	500.000
Erlend samstarf, ferðakostnaður og árgjöld .....	414.284	248.143	731.984
Bókhald og reikningsskil .....	342.849	164.747	200.000
Fundir og námskeið .....	648.920	76.920	66.560
Þjónustugjöld .....	37.240	15.031	0
Niðurfelld skuld Eddu á Grænlandi v. erlends samstarfs .....	0	(413.699)	0
Burðargjöld .....	0	4.875	19.970
Pappír, prentun og ritföng .....	0	0	41.816
Afskrifaðar kröfur .....	621.000	0	0
(Lækkun) hækkun niðurfærslu viðskiptakrafna .....	(272.250)	316.450	72.333
	<u>2.677.543</u>	<u>776.217</u>	<u>1.632.663</u>